

Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni í kennslu- og tómstundafræðum – umsagnir um verðlaunaverkefni:

- 1) **Aðalheiður Stefánsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Stjórnun menntastofnanna - Helstu verkefni leikskólastjóra í Reykjavík*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Tilgangur verkefnisins er að skoða hvaða verkefnum leikskólastjórar í Reykjavík sinna og hvernig þau samræmast skilgreindu hlutverki þeirra í lögum, reglugerðum, kenningum um faglega forystu og uppbyggingu lærdómssamfélags. Ekki hafa verið gerðar sambærilegar rannsóknir á þessu sviði, en þetta verkefni hefur þá sérstöðu að það byggir á spurningakönnun sem skóla- og frístundasvið lagði fyrir 2019 og spurningakönnun sem höfundur lagði sjálfur fyrir 2020 til þess að greina fagumhverfi leikskólastjórna. Höfundur lagði sig sérstaklega fram um að greina faglega umræðu innan leikskólans og greinilegt er að skortur á leikskólakennurum hefur þar mikil áhrif. Niðurstöður gefa til kynna að leikskólastjórnenndur vilja vera faglegir leiðtogar síns skóla en þurfa að gæta þess að gleyma sér ekki í daglegu amstri, skrifræði og starfsmannaveltu auk þess sem það er mikilvægt að ófaglært starfsfólk geti sótt sér menntun. Verkefnið hefur mikið hagnýtt gildi og sambærilegir þættir hafa einmitt verið dregnir fram í skýrslu um faglega stöðu stjórna í skóla- og frístundastarfi sem unnin var á skóla- og frístundasviði.
- 2) **Anna Gréta Guðmundsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Minningarbrot úr leikskóla - Viðhorf barna til uppeldisfræðilegra skráninga úr leikskólanámi þeirra*. Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar er að rýna í mat og hugmyndir barna um gildi þeirra uppeldisfræðilegu skráninga sem settar voru í námsbækur þeirra og fylgdu þeim frá upphafi skólagöngu í leikskólanum Sæborg til útskriftar þaðan. Leitast var eftir að fá upplýsingar um hvað börnin töldu mikilvægt að skrá og hvernig megi bæta skráningar í námsbókum út frá hugmyndum þeirra. Verkefnið sýnir á einstakan þátt hversu megnug börn eru og hversu mikilvæg þátttaka þeirra í eigin námi er. Verkefnið sýnir fram á hvernig má virkja börn í umræðu og ígrundun um eigin nám og hversu mikilvægt er að finna leiðir til að fá fram þeirra sjónarhorn og sýn á það sem þau eru að gera. Röddum barna er gert hátt undir höfði þannig að börnin verða þátttakendur í þessu verkefni en ekki viðfangsefni. Horft er á börnin sem sérfræðinga í sínu eigin lífi og litið er á þátt þeirra í verkefninu sem valdeflandi fyrir þau sem virka samfélagsþegna. Verkefnið gefur ígrundun kennara aukið gildi í þróun skólastarfs og þróun verkefna með börnunum.
- 3) **Auður Valdimarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir verkefnið *Allir á sömu vegferð*. Verkefnið er unnið við deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Um er að ræða starfendarannsókn þar sem höfundur skoðar eigið samstarf við aðra í samreki skóla í Reykjavík. Tilgangur rannsóknarinnar var að leita leiða til að styrkja og viðhalda samfellu og samvinnu milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í einum af grunnskólum borgarinnar þar sem höfundur starfar sem deildarstjóri og hafði það verkefni að efla samstarf milli þessara starfseininga innan skólans. Frásögnin af samstarfinu er einlæg og ekkert dregið undan, hvorki sigrar né ósigrar. Lesandinn fær góða innsýn í þau flækjustig sem fylgja stækkandi skóla og fjölgun starfsmanna. Niðurstöður bentu til þess að starfsfólk hafi almennt jákvætt viðhorf til samstarfsins og samvinnu milli skólastiga og finnist það gagnlegt og skemmtilegt. Samstarfið kallaði á meiri tíma til að undirbúa og skapa nýjan vettvang fyrir samstarfið. Helsti lærdómur höfundar fólst í þróun eigin fagvitundar sem undirstöðu þess að koma auga á hugmyndir og viðhorf samstarfsfólks auk þess að

upplifa mikilvægi dreifðrar ábyrgðar og samtalsins í að styrkja samfellu milli skólastiganna innan sama skólans.

- 4) **Ásrún Ágústsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Textíll líðandi stundar: Samræður í textílmennt um mikilvæg álitamál í samtímanum*. Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Verkefnið er starfendarannsókn í 8. bekk í grunnskóla í Reykjavík og unnið í samstarfi við verkefnið *Listrænt ákall til náttúrunnar*. Tilgangur verkefnis var að skoða hvaða tækifæri felast í samræðum í textílmennt um málefni líðandi stundar og jafnframt skapa verðmæti úr verðlausu efni. Höfundur nálgast verkið á einlægan og hreinskilin hátt og veltir upp mikið af heimspekilegum spurningum og spyr sig á gagnrýnin hátt um tilgang kennslu í textíl. Höfundur setur fram vel úthugsað verkefni sem tengir saman bæði listrænan skilning, sjálfbæra þátttöku í samfélagi og samtal. Þetta tekst höfundi á skemmilegan og fræðandi máta sem hrífur lesandann með í ferðalag nemanda og kennara. Verkefnið er unnið af miklum metnaði sem kemur fram í framsetningu, heiðarleika og einurð við vinnu þess. Höfundur sýnir nemendum sínum mikið traust og leyfir þeim að stýra ferðinni á mjög afdrifaríkan hátt. Hafa þeir því haft mikilvæg áhrif á bæði framvindu kennslunnar og í hvaða átt rannsóknin þróaðist.
- 5) **Elín Freyja Eggertsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Af einu orði fæðast fleiri - Áhrif markvissrar íhlutunar á íslenskan orðaforða tvítyngds leikskólabarns*. Verkefnið er unnið við deild kennslu- og menntunarfræða á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Höfundur gerði rannsókn í leikskóla í Reykjavík þar sem árangur markvissrar íhlutunar á íslenskan orðaforða og gagnkvæm samskipti hjá dreng með pólsku að móðurmáli var kannaður. Í verkefninu er útfærð aðferð til markvissrar málörvunar hjá tvítyngdu barni og væri án efa hægt að þróa sem leið til þess að vinna með fleiri börnum í einu, flétta inn í leikskólastarfið, tengja við þemavinnu, áherslur leikskólans vegna Menntastefnunnar o.fl. Verkefnið hefur mikið hagnýtt gildi og passar vel við áherslur í aðgerðaáætlun skóla- og frístundasviðs 2021-2024 fyrir fjöltyngd börn í skóla- og frístundastarfi og gæti nýst sem ein leið í þeirri vinnu. Verkefnið býður jafnframt upp á fjölbreyttar útfærslur sem hægt væri að flétta inn í leikskólastarfið og þá væri hægt að þróa samstarf við foreldra enn frekar.
- 6) **Hanna Gréta Pálsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Snertifletir náttúruvísinda og myndlistar - Þverfaglegt námskeið í grunnskóla*. Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands. Hér er um að ræða starfendarannsókn þar sem unnið er þverfaglegt námsefni í jarð- og efnafræði með aðferðum listrænnar nálgunar í tengslum við verkefnið LÁN – listrænt ákall til náttúrunnar. Rannsakandi nýtir útinám, tilraunavinnu, samvinnunámi og sýnikennslu, rýnir mjög markvisst í aðferðir sínar og skoðar skref fyrir skref á gagnrýninn hátt hvað má gera betur og hvernig hægt er að þróa kennsluna á þann hátt að nemendur njóti námsins og fái sem mest út úr því. Farið er í sauma kennsluaðferða með það að leiðarljósi að þróa þverfaglegar kennsluaðferðir sem leiða til þess að börnin fái áhuga á vísindalegum viðfangsefnum og njóti þess að læra í gegnum skapandi ferli. Það er dýrmætt að fá rannsóknarverkefni um kennsluaðferðir LÁN verkefnisins sem skóla- og frístundasvið hefur verið með í þróun síðastliðin ár.
- 7) **Íunn Eir Gunnarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Félagsfærnifjör: Kennslubók fyrir fagfólk*. Verkefnið er unnið við deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hugmyndin að verkefninu kviknaði þegar höfundur starfaði sem frístundafræðingur hjá Reykjavíkurborg og upplifði skort

á hagnýtu kennsluefni til þess að geta þjálfað börn á markvissan hátt í félagsfærni. Fræðileg umfjöllun er vel nýtt til að leggja góðan grunn að kennsluhandbók, færð eru rök fyrir mikilvægi hennar og rökstudd sú leið sem farin er við vinnu og útfærslu á henni. Kennsluhandbókin er hlaðborð góðra verkefna til að þjálfar félagsfærni, auk þess sem þar er að finna góðar ábendingar til leiðbeinenda sem styðja vel við notkun á efniinu. Viðfangsefnið í handbókinni eru fjölbreytt, leiðbeiningar góðar og efnið byggt á traustum fræðilegum grunni. Því má ætla að handbókin hafi alla möguleika á hafa góð áhrif á framþróun í skóla- og frístundastarfi.

- 8) **Jóna Guðrún Jónsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Að vekja listina í sjálfum sér – Ávinningur nemenda af þátttöku í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar*. Verkefnið er unnið við deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Það hefur lengi skort á að hægt sé að vísa í rannsóknir um Skrekk um ávinning nemenda af þátttöku í Skrekk. Því er þessi rannsókn og þetta lokaverkefni afar kærkomið og hefur þegar sannað gildi sitt. Verkefnastjóri Skrekks nýtir niðurstöðurnar í fyrirlestra og umfjöllun um Skrekk en einnig hefur nú verið unnin handbók um Skrekk þar sem niðurstöður rannsókna Jónu Guðrúnar eru lagðar til grundvallar. Rannsóknin sýnir meðal annars fram á að þátttaka í Skrekk hefur gildi fyrir þá sem taka þátt en einnig fyrir aðra nemendur, hún sýnir fram á mikilvægi listgreina í grunnskólum, hefur áhrif á sjálfsmynd unglinga og lýðræðislega þátttöku í málefnum líðandi stundar. Verkefnið er vel unnið, skemmtilega skrifað og áhugavert innlegg í umræðuna um listir í skólastarfi og leiklist sem kennsluaðferð.
- 9) **Kristján Sturla Bjarnason** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Gildi þess að efla félags- og tilfinningahæfni nemenda (SEL) fyrir skólastarf á Íslandi*. Verkefnið er unnið við deild faggreinakennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Þar er verið að skoða fjölda rannsókna og benda á gagnlegar leiðir sem geta nýst kennurum við að efla tilfinninga- og félagshæfni hjá nemendum sem sífellt fleiri hafa trú á að skipti miklu máli í nútíma skólastarfi. Þá er einnig verið að fjalla um leiðir til að byggja upp umhverfi sem styður við þessar áherslur og skoða hvernig SEL nýtist til að taka á og fyrirbyggja krefjandi hegðun. Farið er ítarlega yfir þann fræðilega grunn sem félags- og tilfinningahæfni byggir á og vel rökstutt mikilvægi þess að efla þessa þætti í starfi með nemendum í grunnskólum. Settar eru fram hugmyndir um hvað kennarar og nemendur geta gert til að vinna með hæfnipættina sjálfsþekkingu, sjálfsstjórn, félagsvitund, félagsfærni og skynsemi auk þess sem bent er á efni sem hægt er að efla þessa hæfnipætti. Með því að fjalla um rannsóknir á þessu sviði og leggja fram leiðir sem hafa gefist vel til eflingar félags- og tilfinningahæfni verður til hugmyndabanki og verkfærakista sem nýtast skólafólki.
- 10) **Sandra Ómarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir meistaraverkefnið *Möguleikar dansins í kennslu – Danskennsla í grunnskólum landsins*. Verkefnið er unnið við listkennsludeild Listaháskóla Íslands og notast er við blandaða rannsóknaraðferð. Annars vegar var um að ræða eiginlega rannsókn þar sem tekin voru rýnihópaviðtöl við listdanskennara til að kanna viðhorf reynslu og gildismat þeirra um möguleika dansins í grunnskólum. Hins vegar var framkvæmd meginleg rannsókn þar sem könnun var send út á alla grunnskóla og staða danskennslu í grunnskólum í dag greind. Rannsóknin leiddi í ljós að listdanskennarar hafa mikla trú á mikilvægi og möguleikum dansins sem námsgrein og tjáning, læsi, sköpun, félagsfærni og heilbrigði voru í forgrunni. Verkefnið er faglega og vel unnið, góð tenging er við Aðalnámskrá og settar fram hugmyndir um frekar rannsóknir. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna með óbyggjandi hætti hvar listgreinin

stendur í dag innan grunnskólans og unnið er á skapandi hátt úr niðurstöðunum og settar fram áhugaverðar hugmyndir að lausnum og framtíðarverkefnum sem geta orðið listgreininni til framdráttar.

- 11) **Sandra Óskarsdóttir** fær viðurkenningu fyrir verkefnið *Betur sjá augu en auga - Áskoranir við innleiðingu teymiskennslu í unglingaskóla*. Verkefnið er unnið við deild faggreinakennslu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og í því er gerð grein fyrir innleiðingu teymiskennslu í unglingaskóla í Reykjavík. Verkefnið hefur hagnýtt gildi við innleiðingu teymiskennslu í íslenskum grunnskólum og almennt við innleiðingu umbóta í skólastarfi. Gildi verkefnisins felst ekki síst í umfjöllun um innleiðingu breytinga ásamt því að fjallað er um ávinning og hindranir í teymiskennslunni. Niðurstöður rannsóknarinnar leiða meðal annars í ljós atriði sem mikilvægt er að taka tillit til við innleiðingu teymiskennslu og annarra umbóta. Þar má telja skýr markmið með innleiðingunni, mikilvægi þess að efla þekkingu starfsmanna á teymiskennslu, að huga vel að skipulagi sem hentar teymiskennslu og mikilvægi þess að fylgja innleiðingarlíkani allt frá upphafi verkefnis. Einnig varpa niðurstöður rannsóknarinnar ljósi á áskoranir og hindranir við innleiðingu teymiskennslu og umbóta. Verkið er gott innlegg í umræðu um þróun skólastarfs og innleiðingu teymiskennslu í grunnskólum.
- 12) **Sóley Bjarnadóttir** fær viðurkenningu fyrir verkefnið *Stærðfræðihugsun barna - Bekkjarmenning og stærðfræðileg orðræða*. Verkefnið var unnið við deild kennslu- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í verkefninu er gerð eigindleg rannsókn á bekkjarmenningu í 6. bekk og stærðfræðilegri orðræðu og varpað ljósi á hvernig tengsl hugsunar og tjáningar birtast í stærðfræðinámi. Höfundur gefur mörg skýr dæmi um samtöl sem sköpuðust út frá vel völdum verkefnum með það að markmiði að skapa umræður og sem gáfu tilefni til að skoða samskipti nemenda í stærðfræðikennslunni. Verkefnið er byggt á fræðilegum skrifum og rannsókn á stærðfræðikennslu á miðstigi sem ekki hefur verið mikið rannsökuð hér á landi. Verkefnið gefur góða innsýn í hvernig tengsl hugsunar og tjáningar birtist í stærðfræðinámi en að auki er skoðað hvernig stærðfræðileg orðræða birtist í samskiptum nemenda. Sú umfjöllun er fróðleg fyrir aðra stærðfræðikennara og gefur ýmsar ábendingar um hvernig bæta megi og efla þessa þætti í stærðfræðikennslu í grunnskólum.